

Fundagerð stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands 10.nóvember 2010 kl. 16:00 í Hermes á Reyðarfirði, 4. fundur stjórnar á árinu.

Mætt eru: Svanhvít Aradóttir, Sigurbjörn Marinósson og Elfa Rúnarsdóttir. Í símasambandi eru Einar Björn Kristbergsson og Þorbjörn Rúnarsson.

Dagskrá:

- 1. Yfirferð á samningsdrögum um Skólaskrifstofu Austurlands**
- 2. Undirbúningur aðalfundur**
- 3. Fjárhagsáætlun fyrir 2011**
- 4. Önnur mál**

1. Yfirferð á samningsdrögum um Skólaskrifstofu Austurlands

SSA skipaði 5 manna hóp ásamt Sigurbirni til að koma með tillögur að breytingum á samningi um Skólaskrifstofu Austurlands. Sigurbjörn fór yfir helstu atriði samningsins.

Aðalbreytingar eru:

- a) Nýta Skólaskrifstofu Austurlands sem byggðasamlag um rekstrarhluta á tilfærslu málefnum fatlaðra til sveitarfélaga.
- b) Skipan í stjórn Skólaskrifstofu Austurlands.
- c) Rekstrarleg ráðgjöf fyrir sveitarfélög vegna fræðslumála.

Stjórnin fór yfir drögin og urðu nokkrar umræður um drögin en sérstaklega um lið 2C, hvort ætti að hafa liðinn í samningunum eða skýra hann betur.

2. Aðalfundur

Verður þriðjudaginn 7. desember kl. 15:00 í **Fróðleiksmolanum** á Reyðarfirði.

3. Fjárhagsáætlun fyrir 2011

Sigurbjörn fór yfir drögin af fjárhagsáætlun 2011. Í drögunum er gert ráð fyrir stöðugildi vegna yfirfærslu málefna fatlaðra. Færðar eru tekjur á móti þeim kostnaði svo framlög sveitarfélaga breytast ekki vegna þess. Stjórnin sammála um að leggja fjárhagsáætlunina fyrir aðalfund. Drögin verða send út með aðalfundargögnum.

4. Önnur mál

Rætt var um stöðu mála í haust, starfsmannabreytingar með tilliti til yfirfærslu á málefnum fatlaðra.

Fleira var ekki, fundi slitið kl 16:51. Fundagerð ritaði Svanhvít Aradóttir.

Svanhvít Aradóttir (sign)

Elfa Rúnarsdóttir (sign)

Sigurbjörn Marinósson (sign)

Þorbjörn Rúnarsson (í síma)

Einar B. Kristbergsson(í síma)